



19. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í þjónustumiðstöð UMFÍ 9. júní 2017 kl. 15:00.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ. Gunnar Gunnarsson (GG) á fjarfundu.
Forföll boðuðu: Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Björn Grétar Baldursson (BGB), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Kristinn Óskar Grétuson (KÓG).

1. Fundur settur

Formaður setti fund og tilkynnti að GS og SÓJ tækju sæti aðalmanna.

2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

- a. **Ungmennapartý og vorkundur.** – Góð mæting var á Hvolsvöll og ánægja meðal þátttakenda.
- b. **Hreyfivika** – Gekk heilt yfir mjög vel, fjölgun viðburða og sveitarfélaga er milli ára. Lokaskýrsla er tilbúin.
- c. **Önnur verkefni:**
 - Landsmót UMFÍ 50+.** – Skráningarkerfið Nóri hefur verið tekið í notkun.
 - ULM 2018** – Samningur um mótið var undirritaður í Þorlákshöfn 20. maí.
 - Fundur með heilbrigðisráðherra** – Formaður og framkvæmdastjóri ræddu samskipti UMFÍ og ráðuneytisins.
 - Landsmótsnefnd 2018** – Nefndi hefur formlega hafið störf.
 - Starfsmannamál** – Unnið hefur verið endurnýjun samninga við starfsfólk á Laugum o.fl.

3. Umsóknir um:

- a. **Landsmót UMFÍ 50+ 2019 og 2020.**
- b. **Unglingalandsmót UMFÍ 2020.**

UMSB

Pálmi Blængsson, framkvæmdastjóri UMSB kynnti umsókn um Landsmót UMFÍ 50+ 2019 og 2020 til vara.

UÍA

Gunnar Gunnarsson formaður UÍA og Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar kynntu umsókn um Landsmót UMFÍ 50+ 2019 og 2020.

UMSS

Þorvaldur Gröndal kynnti umsókn um Unglingalandsmót UMFÍ 2020.

GG kom inn á fjarfund.

HSK

Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Árborgar, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, Þórunn Jónasdóttir, Ungmennaráði Árborgar og Pétur Sigurðsson Ungmennaráði Árborgar kynntu umsókn um Unglingalandsmót UMFÍ 2020.

UFA

Steinunn Arnars Ólafsdóttir frá stjórn UFA kynnti umsókn um Unglingalandsmót UMFÍ 2020.

Ákvörðun tekin um staðsetningu Landsmóts UMFÍ 50+ 2019 og 2020 og Unglingalandsmót UMFÍ 2020. Ákvörðun um mótsstaði verður tilkynnt á mótunum í sumar

4. Landsmót DGI í Álaborg 29/6 – 02/07

Unnið er að dagskrá og undirbúningi ferðarinnar.

5. Önnur mál

- **Afmælisgjöf frá Íslenskri getspá 2016.** Samþykkt að ráðstafa eftirstöðvum af afmælisgjöf frá Íslenskri getspá að upphæð 5 milljónum kr. til útbreiðslu, kynningarmála og rannsóknarverkefna.
- **Úrsögn úr stjórn.** Kristinn Óskar Grétuson í varastjórn UMFÍ hefur sent stjórn UMFÍ bréf dags. 6. júní sl. þar sem hann segir sig úr stjórn UMFÍ af persónulegum ástæðum.
- **Starfsmannamál.** Formanni falið að endurskoða starfskjör framkvæmdastjóra í samræmi við ákvæði í ráðningarsamningi.
- **Felix.** Fram kom hjá GG að unnið hafi verið að lagfæringum á ýmsum þáttum kerfisins sem þurfti að laga. Nýr formaður stýrihópsins er Vigfús Þorsteinsson frá ÍSÍ.

**ÖG ritaði fundargerð.
Fundu slitið kl. 18:50.**